

L Ö G

um

útvarp og birtingu veðurfregna.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Útvarpa skal veðurfregnum frá útvarpsstöðinni í Reykjavík að minnsta kosti 4 sinnum á sólarhring — þar af einu sinni að næturlagi — 9 mánuði ársins, frá 1. september til 31. maí. Á tímabilinu 1. júní til 31. ágúst skal útvarpa veðurfregnum þrisvar á dag. Fela má þó loftskæptastöðinni í Reykjavík að annast útsendingu veðurfregna að næturlagi, ef það þykir hagkvæmara.

2. gr.

Á stöðum, þar sem útræði er og sjósókn er talin sérstaklega hættuleg, eða þar sem meiri hluti íbúa héraðs eða sjávarþorps 21 árs eða eldri hefir farið þess á leit á opinberum fundi, eða með skriflegri áskorun, skulu hreppsnefndir eða bæjarstjórnir sjá um að fá hæfan og áreiðanlegan mann eða konu til þess að birta og festa upp á aðgengilegum stað, svo oft sem þurfa þykir, veðurfregnir þær, sem veðurstofan gefur út og útvarpað er frá útvarpsstöðinni eða loftskæptastöðinni í Reykjavík.

Þóknun fyrir birtingu veðurfregna greiðist að hálfu úr ríkissjóði, þó ekki yfir 50 krónur á ári á hverjum stað. Að öðru leyti greiðist þóknunin úr hlutaðeigandi hrepps- eða bæjarsjóði samkvæmt fyrirfram gerðum samningi, sem atvinnumálaráðherra hefir samþykkt.

3. gr.

Veðurfregnir skulu skrifaðar á þar til gerð eyðublöð, og skal festa þau upp í kassa með glerrúðu, á stað þar sem umferð er mest, eða þar sem líklegt er, að flestir geti haft þeirra not, og skulu þau fest upp í kassann strax eftir að þau voru móttækin.

Veðurstofa Íslands leggur til og sendir ókeypis eyðublöð undir veður-
fregnirnar, þegar hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn óskar þess.

37
23. júní

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1933.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Christiansborgarhöll, 23. júní 1932.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Dorsteinn Briem.

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 63, 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra gerir starfssamning við skipstjóra, stýrimenn og vél-
stjóra til allt að 6 ára í senn. Í samningi má setja ákvæði um uppsagnarfrest
fyrir hvorn sammingsaðila. Ráðherra getur vikið mönnum þessum frá starfi án
fyrirvara, eftir sömu reglum og embættismönnum úr embætti. Slíkur brott-
rekstur fellur þó úr gildi, ef meiri hluti sjávarútvegsnefnda beggja deilda Al-
þingis á sameiginlegum fundi mótmælir brottrekstrinum á næsta þingi eftir
brottvísun.

38
23. júní